

Fundargerð safnsráðs Listasafnsins á Akureyri

24. fundur.

Miðvikudaginn 13. maí 2020 kl. 11:30 í Listasafninu.

Mætt: Aðalsteinn Þórsson, Hilda Jana Gísladóttir, Rósa Kristín Júlíusdóttir, Haraldur Ingi Haraldsson, áheyrnarfulltrúi starfsmanna og Hlynur Hallsson, safnstjóri.

1. Farið yfir breytingar á dagskrá og starfsemi Listasafnsins vegna Covid-19. Lögð var áhersla á að vera sýnileg á samfélagsmiðlum með stuttum myndböndum, ljósmyndum af listverki dagsins og myllumerkið #safniðísófann notað. Podcast er einnig í undirbúningi. Gert er ráð fyrir færri gestum í sumar og tekjutap er fyrirsjáanlegt hjá safninu. Safnstjóri tekur saman minnisblað um tekjutap vegna Covid-19 og sendir á listasafnsráð og stjórn safnsins.
2. Farið yfir drög að sýningum 2021 til 2023.
3. Erindi um gjöf á Sabinu Westerhom, framkvæmdastýru Norræna hússins um gjöf á verkum eftir sænsku listamennina Cooper & Gorfer af sýningunni "The Weather Diaries" frá árinu 2014. Ákveðið að þiggja ekki gjöfina á þar sem verkin teljast ekki samræmast söfnunarstefnu Listasafnsins um að byggja upp heillega og markvissa safneign. Safnráð þakkar fyrir gott boð.
4. Önnur mál

Ákveðið að næsti fundur safnsráðs verði miðvikudaginn 9. september 2020 kl. 11.

Fundi slitið kl. 12:25